

FUNDARGERÐ

Mánudaginn 11. maí 2015 kl. 11:30 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsaáráðuneytisráðuneytis. Fundurinn fór fram í Sölvhólsvör, fundarherbergi á 1. hæð Sölvhólsstötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðný Svverrisdóttir formaður, Ásgerður Gyöfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Elínu Gunnarsdóttur, Elínu Pálsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni.

Guðný Svverrisdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

HÆFI NEFNDARMANNA VIÐ UMFJÖLLUN OG AFGREIÐSLU ERINDA

Svar innanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á fundi ráðgjafarnefndar 8. apríl sl. samþykkti nefndin að óska eftir álit ráðuneytisins á því hvenær nefndarmenn væru vanhæfir til að taka þátt í störfum nefndarinnar. Óskað var eftir að álit ráðuneytisins lægi fyrir á næsta fundi nefndarinnar.

Bréf innanríkisráðuneytisins, dags. 30. apríl 2015, þar sem fram kemur umbeðið álit ráðuneytisins var lagt fram til kynningar á fundinum. Álit hljóðar svo:

„Tillögugerð ráðgjafarnefndarinnar til ráðherra um framlög úr Jöfnunarsjóði til einstakra sveitarfélaga fellur utan gildissviðs stjórnsýslulaga, nr. 37/1993 eins og það er skilgreint í 1. gr. laganna. Hæfisreglur II. kafla stjórnsýslulaga taka því ekki til þessara starfa nefndarinnar. Við mat á því hvort í einhverjum tilfellum geti reynt á óskráðar hæfisreglur stjórnsýsluréttarins þarf að líta til þess að nefndarmenn sitja flestir í nefndinni sem fulltrúar sveitarfélaganna og að nefndin er eingöngu ráðgefandi. Í því ljósi verður að búseta í sveitarfélagi, sem til umfjöllunar er í nefndinni geti tæplega ein og sér valdið vanhæfi nefndarmanna. Hins vegar er ekki hægt að útiloka að reynt geti á hæfi nefndarmanns ef til umfjöllunar kemur mál sem varðar hagsmuni hans eða tengdra aðila verulega og sérstaklega umfram aðra íbúa viðkomandi sveitarfélags. Komi upp slíkar aðstæður ber nefndarmanni sjálfum að vekja á því athygli. Teljist nefndarmaður vanhæfur ber honum að víkja af fundi við alla meðferð og afgreiðslu málsins og skal bóka um það í fundargerð.“

FUNDARGERÐIR

Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir var fundargerð frá fundi nefndarinnar 27. mars sl. lögð fram að nýju til samþykktar og var hún undirrituð án athugasemda ásamt fundargerð frá fundi nefndarinnar 8. apríl sl.

MINJASTOFNUN ÍSLANDS

Framlag 2015

Lagt var fram til kynningar bréf frá Minjastofnun Íslands, dags. 13. apríl 2015. Á grundvelli laga um menningarminjar, nr. 80/2012, nemur framlag sveitarfélaga í Húsafríðunarsjóð 150 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags, sbr. 43. gr. laganna en þar er jafnframt kveðið á um að framlag sveitarfélaganna skuli greiddast úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Í bréfinu kemur fram að á grundvelli upplýsinga frá Hagstofu Íslands nemi íbúafjöldi landsins 329.100 1. janúar 2015. Með tilvísun til þessa nemur framlag Jöfnunarsjóðs í Húsafríðunarsjóð samtals 49.365.000 kr. á árinu 2015.

Með tilvísun til 6. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010 kemur framlagið til greiðslu fyrir 1. maí ár hvert.

FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA SVEITARFÉLAGA

Stykkishólmsbær

Lagt var fram til umfjöllunar erindi Stykkishólmsbæjar, dags. 27. apríl 2015. Í erindinu er gerð grein fyrir samskiptum sveitarfélagsins við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og þeirri fjárhagslegu endurskipulagningu sem bæjarráð Stykkishólmsbæjar ákvað að ráðast í í kjölfarið. Gengið var til samninga við ráðgjafa sem sett hafa fram tillögur sínar til úrbóta í skýrslum sem borist hafa ráðuneytinu til kynningar og eru grundvöllur þeirrar hagræðingar sem fram fer í sveitarfélaginu.

Í erindinu er óskað eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að kostnaði vegna endurskipulagningarinnar með greiðslu framlags að fjárhæð 4,0 m.kr. á grundvelli b. liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að óskað væri eftir umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um erindi Stykkishólmsbæjar.

Breiðdalshreppur

Á fundi ráðgjafarnefndar 27. mars sl. voru fjárhagserfiðleikar Breiðdalshrepps til umfjöllunar. Á þeim fundi var lagt fram erindi innanríkisráðuneytisins, dags. 18. mars 2015, þar sem fram kemur að 1. febrúar sl. hafi ráðuneytið og Breiðdalshreppur gert með sér samkomlag á grundvelli 2. mgr., sbr. 1. mgr. 83. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, um fjárhagslega endurskipulagningu í sveitarfélaginu að fenginni umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Í erindi ráðuneytisins er þess farið á leit við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að sjóðurinn veiti Breiðdalshreppi sérstakt framlag að fjárhæð allt að 15,0 m.kr. í tengslum við endurskipulagninguna á grundvelli b. liðar 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010.

Beiðni innanríkisráðuneytisins um úthlutun framlags fékk jákvæða umfjöllun nefndarinnar sem samþykkti að leggja til að óskað væri eftir greinargerð frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þar sem frekari upplýsingar kæmu fram um tildrög samkomulagsins. Þegar sú greinargerð lægi fyrir hjá sjóðnum væri beiðni ráðuneytisins tekin til endanlegrar afgreiðslu.

Að tillögu nefndarinnar hafði farið fram innborgun inn á væntanlegt framlag til Breiðdalshrepps, að fjárhæð allt að 5,0 m.kr.

Á fundinum var í stað umbeðinnar greinargerðar lagt fram til kynningar bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga til innanríkisráðuneytisins, dags. 16. desember 2014, sem lýsir vel aðdraganda að niðurstöðu nefndarinnar um að mæla með því að gert yrði samkomulag milli sveitarstjórnar Breiðdalshrepps og innanríkisráðuneytisins um fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins í samræmi við 2. mgr. 83. gr. laga nr. 138/2011.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að beiðni innanríkisráðuneytisins um úthlutun framlags til Breiðdalshrepps vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar í sveitarfélaginu væri tekin til greina og til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð allt að 15,0 á grundvelli b. liðar 7. gr. reglugerðar, nr. 960/2010. Framlagið kemur til greiðslu eftir framgangi verksins að fenginni greinargerð frá sveitarfélaginu.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG

Framlög vegna snjómoksturs í þéttbýli - leiðrétting

Á fundi ráðgjafarnefndar 8. september sl. samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að fram færi uppfærsla á vegalendum í þéttbýli á snjóþyngstu svæðum landsins vegna greiðslu framlaga vegna snjómoksturs.

Við ítarlega yfirferð yfir upplýsingar um nýjar vegalengdir kom í ljós að á flestum stöðum þar sem um auknar vegalengdir er að ræða stafi sú aukning af þróun byggðar. Hins vegar kom í ljós hvað Fjallabyggð og Fjarðabyggð varðar að við sameiningu sveitarfélaga á árinu 2006 hafi orðið þau mistök hjá sjóðnum að láðst hefur að uppfæra vegalengdir í þéttbýli annars vegar við sameiningu Ólafsfjarðarkaupstaðar og Siglufjarðarkaupstaðar í Fjallabyggð og hins vegar við sameiningu Fjarðabyggðar og Austurbyggðar í Fjarðabyggð.

Vegna þessara mistaka er lagt til að leiðrétting verði gerð frá árinu 2006. Hvað Fjallabyggð varðar komi framlag til greiðslu að fjárhæð um 38,8 m.kr sem framreiknað með breytingu á vísitölu neysliverðs nemur um 45,0 m.kr. Hvað Fjarðabyggð varðar komi framlag til greiðslu að fjárhæð 4,6 m.kr. sem framreiknað með breytingu á vísitölu neysliverðs nemur 5,5 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að til úthlutunar kæmi framlag samtals að fjárhæð um 50,5 m.kr. á grundvelli f-liðar, A-hluta, 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010 er fjallar um útgjaldajöfnunarframlög vegna leiðréttingar á framlagi vegna snjómoksturs á árunum 2006 til 2014.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

BYGGÐASAMLAG UM MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS Á VESTFJÖRDUM

Fundur fulltrúa byggðasamlagsins með formanni ráðgjafarnefndar og starfsmönnum Jöfnunarsjóðs

Formaður greindi frá fundi sem haldinn var um morguninn með fulltrúum Byggðasamlags Vestfjarða. Fram kom í máli fulltrúa byggðasamlagsins að í ljósi lækkunar framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014 sem lá ekki fyrir fyrr en í árslokinn og vegna þeirrar lækkunar framlaga sem einnig væri fyrirsjáanleg á árinu 2015 stefndi rekstur málaflokksins á svæðinu í óefni ef ekkert verði að gert.

Til viðbótar við lækkun framlaga úr Jöfnunarsjóði, sem stafar af lækkuðum viðmiðunarfjárhæðum vegna einstaklinga sem eru ekki lengur börn heldur fullorðnir með SIS mat, bætist við verulega aukinn launakostnaður milli árana 2014 og 2015 svo og kostnaður við nýtt búsetuúrræði í Strandabyggð.

Fulltrúar Jöfnunarsjóðs upplýstu um það á fundinum með fulltrúum byggðasamlagsins að verið væri að vinna að nýrri reglugerð vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015. Jafnframt væri verið að vinna að endurskoðun framlaga ársins 2014 og 2015 á grundvelli niðurstaðna úr endurmatinu sem nú lögju fyrir. Jafnframt kom fram að stefnt væri að því að skýrsla R3 – Ráðgjafar um fjárhagslega og faglega úttekt á rekstri byggðasamlagsins lægi fyrir í lok maímánaðar. Vonir stæðu til að framangreindir þættir gætu haft jákvæð áhrif á framlög til byggðasamlagsins.

Fulltrúar Jöfnunarsjóðs lögðu á það áherslu á fundinum að svæðið gerði grein fyrir fjárhagslegri skiptingu þess sem fylgir almennum hluta málaflokksins annars vegar og sértæka hlutanum hins vegar og að huga þyrfti að hagræðingaraðgerðum á þjónustusvæðinu.

Að fengnum þessum upplýsingum samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að frekari umræðu um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum væri frestað þar til endurskoðuð áætlun um framlög ársins lögju fyrir ásamt skýrslu R3- Ráðgjafar.

KYNNING Á YFIRFÆRSLUNNI

Almennt um hlutverk Jöfnunarsjóðs, þjónustusvæða o.fl.

Jöfnunarkerfið – Innleiðing og forsendur reikniverksins

Farið var annars vegar yfir hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 og hins vegar hlutverk Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem tók yfir réttindi og skyldur Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Jafnframt var farið yfir samspil sjóðanna tveggja. Gerð var grein fyrir greiðslum framlaga til þjónustusvæðanna sem aðallega eru almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk og framlög vegna NPA ásamt framlögum vegna lengdrar viðveru.

Lagt var upp með að þjónustusvæði um rekstur við fatlað fólk skyldu hafa að lágmarki 8.000 íbúa, með heimild til undanþágu vegna landfræðilegra aðstæðna. Niðurstaðan var að stofnuð voru 15 þjónustusvæði.

Innleiðing á jöfnunarkerfi með mati á stuðningsþörf - SIS mati er lokið. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR) er leyfishafi matsins hér á landi. GRR hefur séð um framkvæmd matsins í samráði við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og velferðarráðuneytið.

Stuðningsþörf þjónustunotenda breytist með tímanum og getur verið háð aldri, kyni og fötlun, því þarf að endurmeta stuðningsþörf reglulega en niðurstöður matsins hafa mikla þýðingu fyrir fjárveitingar til svæða. Nú er verið að athuga hvort ekki sé hægt að nota fleiri breytur en SIS matið

sem endurspegli útgjaldþörf, með því að huga að misjöfnum aðstæðum milli þjónustuvæða svo sem stærðar og landfræðilegra aðstæðna.

Ráðstöfunarfjármagni vegna málaflokksins að frádregnum framlögum sem veitt eru til miðlægra verkefna, framlagi í fasteignasjóð og sérstökum viðbótarframlögum er skipt með eftirfarandi hætti:

- 80% skiptast hlutfallslega miðað við mælingu á útgjaldþörf.
- 20% skiptast hlutfallslega miðað við útsvarstofn sveitarfélaga.

Útreiknuð framlög ársins eru leiðrétt þegar endanlegur útsvarstofn sveitarfélaga fyrir tiltekið ár liggur fyrir.

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN VERKEFNISINS 2015

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks á árinu 2015.

Í tekjuhlíð áætlunarinnar kemur fram að framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nemi 535,0 m.kr. og 0,99% hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga vegna málaflokksins nemi 11.236,0 m.kr. Áætlaðar heildartekjur á árinu nema því 11.771,0 m.kr. Til viðbótar er óhafið framlag frá fyrra ári að fjárhæð 70,0 m.kr. vegna NPA. Áætlað ráðstöfunarfjármagn nemur því samtals 11.841,0 m.kr.

Í gjaldahlíð áætlunarinnar kemur fram að kostnaður í tengslum við yfirfærsluna, svonefndur breytingakostnaður, nemi 50,0 m.kr. Framlög vegna NPA 70,0 m.kr. Framlag vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda 89,0 m.kr. Framlag vegna orlofsdvalar í Reykjadal og vegna gistiheimilisins að Melgerði í Kópavogi samtals 35,0 m.kr. Framlag vegna breytingakostnaðar til Sambands ísl. sveitarfélaga nemi um 16,0 m.kr. og framlag í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs 433,0 m.kr. Framlag vegna fyrirframgreiðslu Jöfnunarsjóðs í janúar 2011, 65,0 m.kr. Eftirstöðvar að fjárhæð 10.945,0 m.kr. renna til almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Áætluð gjöld nema samtals 11.841,0 m.kr.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að greiðslu og rekstraráætlun verkefnisins á árinu 2015 væri samþykkt.

REGLUGERÐ UM FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK

Útgáfa nýrrar reglugerðar vegna ársins 2015

Lögð voru fram til kynningar drög að nýrri reglugerð vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 og farið yfir fyrirhugaðar breytingar á reglugerð nr. 242/2014 vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014 sem fram koma í nýrri reglugerð.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að frekari umræðu um drög að nýrri reglugerð væri frestað til næsta fundar.

FASTEIGNASJÓÐUR JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA

Lagðir voru fram til kynningar nokkrir minnisþingar um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Jafnframt var lögð fram til kynningar reglugerð, nr. 578/2012, um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Gildistími reglugerðarinnar verður framlengdur til 31. desember 2015, en þá verður komið í ljós hvort sjóðnum verði falið viðbótarverkefni. Starfstími ráðgjafarnefndar sjóðsins verður einnig framlengdur til 31. desember 2015.

ÖNNUR MÁL

Sameining sveitarfélaga

Tekin var upp umræða um yfirlýsta stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um sameiningu sveitarfélaga og um íbúafjölda sveitarfélaga með tilliti til rekstrarhæfni og þjónustustigs þeirra.

Jafnframt var rætt um hvort regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga væri hamlandi fyrir frekari sameiningar sveitarfélaga.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að fresta frekari umræðu um málefnið þar til betri tími gæfist.

Ákveðið var að næstu fundir ráðgjafarnefndar verði fimmtudaginn 28. maí kl. 14:00 og þriðjudaginn 16. júní kl. 14:30

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 14:30.

Halldór V. Kristjánsson